

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá gatnagerðargjalda í Akureyrarkaupstað, nr. 810/2015.

1. gr.

5.3. gr. gjaldskrárinnar, um sérstaka lækkun vegna jarðvegsdýpis, orðast svo:

Sé meðaldýpt jarðvegs nýskipulagðra og óúthlutaðra byggingarlóða á burðarhæfan jarðveg neðar en 3,5 metrar frá botnplötu (lægsta gólf) húss, er veittur afsláttur af gatnagerðargjaldi skv. neðan-greindu:

Dýpt undir gólfplötu	
3,5 m	0%

Fyrir hverja 10 sm neðan 3,5 m frá botnplötu (lægsta gólf) reiknast afsláttur upp á 2%.

Afsláttur getur þó að hámarki verið 75% af gatnagerðargjaldi lóðar. Við ákvörðun jarðvegsdýptar niður á burðarhæfan jarðveg skal miða við upplýsingar um leiðsögukóta húss og jarðvegsdýpt á mæliblaði.

2. gr.

Auglýsing þessi um breytingu á gjaldskránni var samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar 19. mars 2019.

Gjaldskráin er sett með vísan til laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006 og öðlast gildi við birtingu.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 20. mars 2019,

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.